Mannkynsins heilagi Genius, þú,
sem býr í ljósi sannleikans,
varðveittu þú mig fyrir þeirri synd,
sem er öllum syndum argari, varð-
veit þú mig fyrir lýginni.

Spielhagen.

Undanfarin ár hafa eigi verið nein happaár fyrir Ísland; harðæri til lands og sjáfar hefur þjóð vor liðið. Hvítur, en alls eigi saklaus, gestur hefur hvað eptir annað heimsótt oss og nú setja verzlunarvandræðin kórónuna á ástand vort. Þó eru eigi enn allar raunir taldar. Hingað hefur fyrir nokkru flutzt erlendur sjúkdómur – jeg á náttúrlega ekki við mislingana, sem einn músikalskur trjesmiður flutti hingað til landsins hjerna um árið og sem framleiddu mjög ómúsíkölsk hljóð hjá mörgum sem þá fengu – nei, sá sjúkdómur, sem jeg er um að tala, er miklu hættulegri og er hætt við, að hann sje orðinn innlendur. Þessi sjúkdómur er „húmbugs"sýkin. Húmbugið er, eins og kalkaðar grafir framliðinna, glæsilegt að utan, en hið innra fullt rotnunar; það lifir á lýginni og þess vegna þarf að afhjúpa það.

Til vor hefur humbugið komið í líki menntunarinnar. Það hefur reist gagnfræðaskóla, búnaðarskóla, alþýðuskóla og kvennaskóla. Og hefði herra Nellemann haft hamarinn hans Hefaistosar og slegið á hin þunguðu höfuð framfaramanna vorra, þá mundi fljótt út úr þeim hafa dottið heill háskóli með öllum sínum gögnum og gæðum. En hann gjörði það ekki, blessaður, hvort sem það nú hefur verið af ótta fyrir að út mundi hrjóta um leið ný stjórnarskrá, eða öllu heldur af því að hin danska pólitík hefur vanið hann á að loka hugsanirnar inn í heilaborgum mannanna. Til þessa hefur hann sem kunnugt

er notað próvisoriska lykla í föðurlandi sínu. Nellemann lokar en opnar ekki. En það var ekki um Nellemann, sem jeg ætlaði að tala. Snúum því að efninu. Gagnfræðaskólinn — fyrst skal frægan telja — er orðinn frægur — upp á sína vísu. Hinn markverðasti eiginlegleiki hans sýnist vera sá að vekja óstjórnlega löngun eptir krambúðinni hjá þeim, sem á hann ganga. Þeir verða flestir búðarlokur; áttu að verða bændur. Spurningar þær, sem settar eru fyrir pilta til úrlausnar við skóla þenna, sýnast benda á djúpsæja, heimspekilega þekkingu hjá kennurum og lærisveinum og gegnir það furðu, að menn, ~~skuli~~ sem hafa bergt á slíkum vizkubrunni, skuli una sjer innan um brennivínstunnurnar og krambúðarskranið. Námsgreinarnar eru 12 að tölu, námsárin 2 og skólaárið 7 mánuðir. ~~Ef þá~~ Þessi kennsla er annað en nafnið tómt, þyrfti að vekja athygli manna í útlendum blöðum á þessum fyrirmyndarskóla, sem á 14 mánuðum gjörir menn próffœra í 12 vísindagreinum. Annaðhvort eru Möðruvallapiltar frábærir gáfumenn, ~~sem~~ njóta ágætrar kennslu — eða hjer leynist humbug.

Einkennishúfur og examensbrjef hafa hingað til engan gjört að manni, en sönn þekking er nauðsynleg til að geta unnið mikil og góð verk og verkin veita manninum aðalsbrjefið.

Annar ávöxtur menntunarfýstar seinni áranna eru búnaðarskólarnir. Þeir áttu að efna það sem gagnfræðaskólinn sveikst um að framkvæma, að veita bændaefnum verklega menntun. Höfundur þessara lína þekkir að eins lítið eitt búnaðarskólann á Hólum, og af því að sagt er að ~~hinn~~ nafni hans á Eyðum sje honum enn þá aumari, ~~og~~ búnaðarskólinn í Ólafsdal mun betri, mun það eigi vera fjarri sanni að ~~gjöra~~ Hólaskólann að mælikvarða fyrir búnaðarfræðislegri kennslu á Íslandi.

Við stofnun skóla þessa var farið öfugt að öllu, eins og ~~van~~ siður er. Ekkert sýndist náttúrlegra, en að þeir menn, sem að máli þessu stóðu, reyndu allt, sem í þeirra valdi stóð, til að klófesta einhvern góðan og gamlan, reyndan og ráðsettan íslenzkan búhöld til að standa fyrir skólanum og kenna piltunum góða bústjórn; til hinnar bókfræðislegu kennslu mátti svo nota einhvern af búfræðingum þeim, sem í boði voru. Með þessu hefði tvennt verið unnið: góð forstjórn og traust almennings. Í þess stað tóku menn kornungan mann, sem nýkominn var frá Noregi og enga reynslu hafði í því sem ~~allt var undir komið~~ mest reið á: íslenzkum búskap. Maðurinn er að allra sögn mjög vel að sjer til bókarinnar — en bókfræðisleg þekking og praktiskur dugnaður og hagsýni fylgjast ekki ávallt að. Hjer var, sem optar, óheppilega valið. Skólinn hefur einlægt verið á hausnum, nýtur engrar aðstoðar hjá góðum bændum og verðskuldar hana ekki heldur. Átti að hverfa af jörðunni ~~því~~ sem allra bráðasta. Að senda menn á skóla, þar sem óregla og trassaskapur ríkja er — humbug.

Þá kem jeg að kvennaskólunum. Jeg verð að biðja íslenzkar meyjar að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg geti eigi hælt þeim (o: skólunum, [illegible]) og skoða það eigi sem ókurteizku við hið „fagra kyn", heldur sem ást á sannleikanum.

Kvennaskólarnir eru náttúrlega uppfræðingarstofnun fyrir íslenzk bændakonuefni, fyrst og fremst. Þeir eiga því að kenna þeim það, sem þær þurfa á að halda í lífinu, matartilbúning, þvott, fatasaum o.s.frv. en ekki óþarfa eins og baldéringar, bróderingar, skatteringar og hvað það nú heitir allt þetta glingur, sem ekkert er í varið og sem útlendar hefðarmeyjar hafa fyrir stafni, til þess að hafa af sjer letileiðindin. Vjer erum enn þá, guði sje lof, ekki komnir svo langt í „kúltúrinni", að vjer skoðum ~~kvennmennina~~ konurnar sem leikfang, að þær sjeu ekki til annars skapaðar en til að horfa á þær og kyssa þær o.s.frv. Þær eru mannlegar verur með mannlegum rjettindum og mannlegum skyldum og erfiðið, vinnan er fyrsta skylda allra þeirra, sem vinnufærir eru.

Af kvennaskólunum er ~~sá~~ Reykjavíkur skólinn hinn elzti og merkasti. Hann er í höfuðstað landsins og þess vegna eitthvað „fínna“ við hann en ~~hinna~~ bræður hans. En einmitt þetta, að hann er í Reykjavík, sýnir að þjóðin hefur ekkert með hann að gjöra. Ísland þarf á búkonum að halda og búskaparlaga menn naumast í Reykjavík; námsmeyjarnar geta sjálfsagt lært þar ýmsar hannyrðir, ~~og~~ ef til vill líka að æsthetisera, deklamera og lamentera — enn fremur að ~~[illegible]~~kokettera og bera sig vel á götunum, gefa fallegu piltunum auga og reka upp augnablið poetisk á og ó. En allt þetta er óþarfi; heima bíður þeirra prósa lífsins, mjólkurtrogin og grautarpottarnir, ~~sem eru~~ koppar og kyrnur, ~~o. fl.~~ sem engan smekk hafa fyrir vísindum og listum. Í staðinn fyrir ástarstunur spengilegra elskhuga, ~~mæta þ~~ sem þær höfðu gjört sjer vonum, mætir þeim nú baul og jarmur í kúm og kindum og það líður langur tími, áður en íslenzkar hvíta fá ~~barið úr þeim~~ dustað úr þeim allt menntunarrykið og sjeð þeim fram á að þær lifa eigi í neinu Gósenlandi, þar sem lífið líður sem draumur fegurðar og unaðsemdar, heldur í því landi, sem opt er úti kringt, þar sem stríðir stormar æða, er öllu kollvarpa, sem eigi hefur kjark og dugnað í sjer til (mótstöðu) ~~að standa á móti~~ ~~Við~~. — Við stofnun kvennaskólanna var farið öfugt að; það hefði ~~hefð~~ verið góð byrjun, ef bændur í sveitunum hefðu komið dætrum sínum fyrir hjá búkonum sem þóttu bera af öðrum fyrir þrifnað á heimili og myndarleik í verkum — íslenzkum kvennverkum. Svo mátti fara út kvíarnar; þessi kona gat tekið sjer til styrkta einhverja „siglda“ til þess að kenna meyjunum það, sem menn æsktu, að þær lærðu til munnsins. Á þenna hátt hefði fengizt ódýr kennsla og efalaust happasælli, en sú er meyjarnar nú njóta. Eða er það ekki ískyggilegt tímanna tákn, að stúlkur — bændastúlkur sljettar og rjettar, skuli koma þær geikki frá kvennaskólunum, að þær neita öðrum eins verkum og að mjólka kindur! Kennsla, sem hefur sú áhrif, er verri en engin kennsla; hún er — húmbúg.

Kvennaskólana þekki jeg ekki nákvæmlega og get því ekki sagt hver þeirra er bezta og hver er versta. Þó skal þess getið um kvennaskólann á Laugalandi, að siðferðið þar kvað eiga að vera mjög strangt og engin hætta í því tilliti fyrir menn að senda dætur sínar þangað, ef það er satt sem sagt er, að kvæðið Bajaderan hafi verið rifið út úr kvæðasafninu Svanhvít, þegar það kom norður þangað sökum þess að það þótti of — ósiðlegt. Vesalings Goethe!, eptir að ~~ft~~ allur hinn menntaði heimur hafði dáð þig og skáldskap þinn, varstu veginn norður á (Laugalandi) ~~Vesalandi~~ — og fundinn of ljettur!

Um alþýðuskólann ~~hef~~ í Hafnarfirði hef jeg ekkert að segja. Jeg hef engan heyrt á hann minnast, en sje hann ~~sama~~ sömu tegundar og hinir skólarnir, má hann gjarna missa sig.

Menn mega ekki ~~mis~~skilja svo orð mín, sem jeg sje andlegur nihilisti, sem ~~enkert vilji~~ hati alla þekkingu, nema þá sem verkleg er. Því fer fjarri. Ekkert er viðbjóðslegra en hrausþykk vanþekking, ekkert sorglegra en að sjá skynsemina sofa hjá skynsemigæddum verum. Í manninn var lagður guðdómsneisti skynseminnar og þann neista skal hann glæða. En þar ~~líka~~ (var) einnig lagt fleira t. d. ~~f[illegible]~~ hrokans, sýnigirninnar, hjegómans og það skal hann uppræta, en ekki rækta. Það er engin þekking í því fólgin að þefa í ~~nokkur~~ (2) ár að svo og svo mörgum námsgreinum, hlaupa svo heim í sveit sína, ~~og~~ þylja upp nöfnin á öllu því, sem maður hefur að eins lært (og þykjast mikill maður) að nefna. — ~~Leggjum alla vora krapta fram~~ Neytum allra vorra krapta til að bæta búnað vorn, efla atvinnuvegi vora, vekjum fastan ~~skoðun~~ og einbeittan vilja ~~hjá bæ~~ á þjóðmálefnum hjá bændastjett vorri. Sýnum henni fram á, að hún á ein öllu að ráða ~~hjá þessari bændaþjóð~~ og upplýsum hana svo ~~að~~ í pólitiskum málum, að hún geti komið vilja sínum fram gegn útlendum og innlendum kúgurum, sem opt gala fagurt — sjerstaklega þegar þeir eru að

sækja um launaviðbót — en áttalt hyggja flátt. — En fyllum eigi land vort með þýðingarlausum ~~skólum og~~ eða jafnvel skaðlegum skólum, sem ali upp ~~kynslóð ardmara~~ ómenntaða menntunarskrúmara, ónýta til vinnu, andlega og líkamlega fáráða.

Búi Búason.